

309. fundur Skólaneftndar FS

31. maí 2011



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Böðvar Jónsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Sölvi Logason og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Yfirlit yfir síðustu önn.
 2. Námsframboð og aðsókn á næstu önn.
 3. Staða mála.
 4. Önnur mál.

1. Yfirlit yfir síðustu önn.

Skólameistari sagði frá nýliðinni önn sem gekk vel fyrir sig. Alls voru 67 nemendur útskrifaðir en þar af voru þrír skiptinemar. Að lokinni útskrift var haldið námskeið fyrir starfsfólk skólans í Grindavík en þar var m.a. rætt um líðan nemenda.

2. Námsframboð og aðsókn á næstu önn.

Skólameistari sagði frá því að alls hafa 1262 sótt um skólavist á næstu önn, þar af eru 800 núverandi nemendur, 258 nýnemar og 204 aðrir. Bréf verður sent til allra nemenda 10. bekkja á Suðurnesjum þar sem þeir verða hvattir til að fara í framhaldskóla. Hugsanlega gæti vantað húsanæði næsta vetur og er verið að skoða þau mál. Búið er að útbúa bæklinga með kynningu á listnámi og verknámi og þá tók skólinn þátt á námskynningu á vegum Vinnumálastofnunar í Stapa.

3. Staða mála.

Skólameistari sagði frá því að Ása Skúladóttir, Bergþór Haukdal Jónasson, Sigríður Anna Ólafsdóttir og Svava Jóhannsdóttir hætta störfum í vor. Guðbjörg Jónatansdóttir, Guðlaug Pálsdóttir, Íris Jónsdóttir og Hanna María Kristjánsdóttir verða í leyfi næsta vetur og Hulda Egilsdóttir og Sunna Gunnarsdóttir verða í barneignarleyfi. Búið er að auglýsa nokkrar kennarastöður og þá hefur staða aðstoðarskólameistara verið auglýst. Elín Rut Ólafsdóttir og Ægir Karl Ægisson munu gegna starfi áfangastjóra.

Fjárhagsstaða skólans er samkvæmt áætlun. Farið hefur verið fram á það við fjármálaráðuneyti að eldri inneignir falli ekki niður. Sumarhús sem nemendur í húsasmíði byggðu í vetur var selt á 7.650 þús.

Nokkrar framkæmdir verða í húsnæði skólans í sumar. Nýjar neysluvatnslagnir verða lagðar í álmu 2 og gengið verður frá loftræstikerfi þar.


Menntamálaráðuneyti hefur ekki viðurkennt Fisktækniskólann og hefur óskað eftir því að FS komi að málum hans næsta vetur. Gerður verður samningur milli skólans og ráðuneytisins um að FS sjái um nemendabókhald Fisktækniskólans og beri ábyrgð á námsframboði hans en fjármál þeirra verða aðskilin.

4. Önnur mál.

a) Ræsting og rekstur mötuneytis var boðinn út og er verið að skoða fjögur tilboð í ræstingar og tvö tilboð í rekstur mötuneytis. Skoða þarf útboð skólaaksturs fyrir næsta vetur.

b) Foreldrafélag skólans gaf nemendur gjöf sem afhent var á útskrift en þar var um að ræða tvo brauðgrill að verðmæti 166.000. Nemendur munu hafa aðgang að þeim við mötuneyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Gunnar Valdimarsson,
fundarritari